


JOSÉ ADRIÁN
MEXÍKÓ

VALD OG ÁBYRGÐ

PÍTT NAFN
BJARGAR

LÍFI



LÆRUM UM
MANNRÉTTINDI OKKAR
VERKEFNI

INNGANGUR AÐ MANNRÉTTINDUM

UM AMNESTY INTERNATIONAL

Amnesty International er alþjóðleg hreyfing yfir sjö milljóna einstaklinga sem telja að allt óréttlæti komi þeim við. Við berjumst fyrir heimi þar sem allar manneskjur fá að njóta mannréttinda sinna.

Við rannsökum atburði og segjum frá því sem gerist, hvar og hvenær sem mannréttindabrot eiga sér stað. Við beitum yfirvöld, áhrifamikla aðila og fyrirtæki þrýstingi og reynum að tryggja að þessir aðilar standi við gefin fyrirheit og virði alþjóðalög. Með því að miðla áhrifamiklum reynslusögum fólksins sem við vinnum með virkjum við milljónir stuðningsfólks okkar um heim allan til að berjast fyrir breytingum og koma aðgerðasinnnum í framlínunni til hjálpar. Við styðjum fólk til að leita réttar síns með fræðslu og þjálfun.

Með starfi okkar verndum við fólk og valdeflum það til að berjast fyrir ýmsum málefnum, þar á meðal afnámi dauðarefsingar, fyrir kyn- og frjósemisréttindum og gegn mismunun og réttindum flóttafólks og farandfólks. Við berjumst fyrir því að aðilar sem beita pyndingum verði dregnir fyrir dóm. Við beitum okkur fyrir því að fá lögum sem stuðla að kúgun breytt og við berjumst fyrir frelsi fólks sem hefur verið fangelsað fyrir það eitt að tjá skoðun sína. Við tökum málstað allra sem búa við skert frelsi eða mannvirðingu óháð uppruna.



Aðgerðasinnar Amnesty International mótmæla fyrir utan tyrkneska sendiráðið í París í júlí 2017.
© www.christophemeireis.com



Pitt nafn bjargar lífi.
Bréfaskrif í Alsír.

PITT NAFN BJARGAR LÍFI

Herferð Amnesty International **Pitt nafn bjargar lífi** er haldin árlega á eða í kringum alþjóðlega mannréttindadaginn, hinn 10. desember. Þann dag var Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna samþykkt, árið 1948, fljótlega eftir stofnun Sameinuðu þjóðanna. Herferðin hefur það að markmiði að koma á raunverulegum breytingum í lífi fólks og samfélögum sem hafa þjáðst eða eiga á hættu að verða fyrir mannréttindabrotum. Meðal þeirra fjölmörgu aðgerða sem gripið er til í herferðinni er að koma á framfæri einstaklingsmálum til þeirra sem hafa ákvörðunarvald og geta haft áhrif á breytingar, vekja athygli á málunum með skipulagningu mótmæla og aðgerða og ná alþjóðlegri athygli í gegnum fjölmiðla og á netinu.

Einn stærsti hluti herferðarinnar felur í sér bréfaskriftir milljóna einstaklinga úti um allan heim og þökk sé slíkum aðgerðum víða um heim dynja bréf á opinberu embættisfólki. Þolendur

pyndinga, samviskufangar, fólk sem bíður dauðarefsingar og aðrir þolendur mannréttindabrota fá stuðningskveðjur frá þúsundum fólks í fjarlægum heimshornum. Þolendurnir og fjölskyldur þeirra vita að vakin er opinber athygli á málum þeirra og að þeir eru ekki gleymdir.

Árangur sambærilegra herferða fyrri ára hefur verið sláandi. Einstaklingar sem hafa orðið fyrir mannréttindabrotunum segja frá breytingunni sem þessi bréf höfðu í för með sér. Þeir lýsa yfir þakklæti til þeirra sem hafa skrifað og greina frá styrknum sem þeir finna frá öllum þeim sem láta mál þeirra sig varða.

Oft er hægt að sjá verulegar breytingar á framkomu embættisfólks gagnvart þolendum mannréttindabrota í kjölfar herferðarinnar; ákæru eru felldar niður, meðferð mildast og lög eða reglugerðir sem taka á vandamálinu eru kynnt til sögunnar.

INNGANGUR AÐ MANNRÉTTINDUM

GÓÐAR FRÉTTIR FRÁ 2018

HANDTÖKUR Í BRASILÍU

Í mars 2019 voru tveir fyrrverandi lögreglumenn handteknir fyrir morðið á Marielle Franco, stjórnmalakonunni og málsvara þeirra allra fátækustu í Brasilíu. Handtökurnar markaðu lítið skref í átt að réttlæti. Samanlagt skrifaði fólk um heim allan meira en 500 þúsund bréf til yfirvalda í Brasilíu þar sem krafist var réttlætis fyrir Marielle.

„Að vita af þessum mikla alþjóðlega hlýhug hjálpar mér að fara fram úr rúminu á morgnana.“

Monica Benicio, sambýliskona Marielle



© Elisângela Leite

SIGUR FYRIR FATLAÐ FÓLK Í KIRGISTAN

Gulzar Duishenova hefur lengi barist fyrir réttindum fólks með fötlun í heima-landi sínu. Í mars 2019 fékk hún umbun erfiðis síns þegar Kirgistan undirritaði loks samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Skrifuð voru næstum 250 þúsund bréf til stuðnings Gulzar.

„Ég er þakklát fyrir þann stuðning og samstöðu sem ég hef notið af hálfu aðgerðasinnna Amnesty International, sem stendur ekki á sama um réttindi okkar hér í Kirgistan þrátt fyrir að vera annars staðar frá.“



© Svetlana Zelenskaya/Amnesty International

BRÝN LÆKNISAÐSTOÐ VEITT Í ÍRAN

Atena Daemi, sem var fangelsuð fyrir að dreifa bæklingum þar sem dauðarefsing var harðlega gagnrýnd, hefur þurft að þola líkamlegt ofbeldi á meðan hún hefur setið í fangelsi. Hún þurfti nauðsynlega á sérþækri læknisþjónustu að halda og þökk sé yfir 700 þúsund undirskriftum einstaklinga um heim allan hefur henni nú verið veitt sú meðferð sem hún þurfti á að halda.

„Ég er svo óendanlega þakklát öllu því fólki, hvaðanæva úr heiminum, sem hefur sýnt mér samkennd og góðvild og virkilega lagt sig fram um að styðja mig.“



© Private

INNGANGUR AÐ MANNRÉTTINDUM

UM MANNRÉTTINDI

Mannréttindi eru grundvallarréttindi og réttarvernd sem hvert og eitt okkar á tilkall til. Þau byggjast á meginreglum um mannlega reisn, jafnrétti og gagnkvæma virðingu óháð aldri, þjóðerni, kyni, kynþætti, lífsskoðunum og persónulegri afstöðu.

Sem manneskja átt þú rétt á að komið sé fram við þig á sanngjarnan hátt og þér ber einnig að koma fram við aðra af sanngirni. Þú átt einnig rétt á ákvarðanatöku um eigið líf. Þessi grundvallarmannréttindi eru algild – þau eru réttur okkar allra, allra sem heiminn byggja. Þau eru óafsalanleg – enginn getur tekið þau frá okkur. Þau eru líka óskiptanleg og tengjast innbyrðis – allir þættir hafa jafnmikið vægi og eru tengdir hver öðrum.

Í kjölfar þeirra grimmdarverka sem framin voru í seinni heimsstyrjöldinni urðu til alþjóðleg lög um mannréttindi, á grundvelli Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Þau hafa myndað trausta undirstöðu fyrir landsbundin og svæðisbundin lög og er ætlað að bæta líf fólks um heim allan. Yfirvöldum á hverjum stað ber að líta á mannréttindi sem gildandi lög. Þau leggja yfirvöldum og ríkisstarfsfólki þær skyldur á herðar að virða og verja rétt þeirra sem undir lögsagnarumdæmi þeirra heyra, sem og á öðrum svæðum.

Mannréttindi eru ekki munaður sem fólk fær aðeins að njóta þegar aðstæður leyfa.



Aðgerðasinnar í Tógó.



MANNRÉTTINDAYFIRLÝSING SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var mótuð af Sameinuðu þjóðunum á fyrstu árum stofnunarinnar, strax í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar. Frá 1948 hefur hún verið grundvöllur alþjóðareglna um mannréttindi. Öll ríki heims hafa samþykkt að þau skulu vera bundin af þeim almennu meginreglum sem lýst er í 30 greinum þessa skjals.

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna er, eins og nafnið gefur til kynna, yfirlýsing. Hún er viljayfirlýsing af hálfu allra ríkisstjórna, um heim allan, um að virða tilteknar reglur og staðla er varða meðferð á og framkomu við manneskjur. Mannréttindi eru hluti af alþjóðalögum. Allt frá því að Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var samþykkt hefur fjöldi annarra bindandi laga og samþykkt verið gerður á grundvelli þeirra meginreglna sem í yfirlýsingunni er að finna. Það er á grundvelli slíkra laga og samþykkt sem samtök á borð við Amnesty International krefja yfirvöld um að hætta að beita illri meðferð af þeim toga sem þolendur herferðarinnar **Pitt nafn bjargar lífi** hafa upplifað.

INNGANGUR AÐ MANNRÉTTINDUM

MANNRÉTTINDAYFIRLÝSING SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA



BORGARARÉTTINDI OG FRELSI

Réttur til lífs, frelsi frá pyndingum og þrældómi, réttur á að sæta ekki mismunun.

- 1. grein Allir eru fæddir frjálsir og jafnir
- 2. grein Bann við mismunun
- 3. grein Réttur til lífs, frelsis og mannhelgi einstaklinga
- 4. grein Frelsi frá þrældómi
- 5. grein Frelsi frá pyndingum



LAGALEGUR RÉTTUR

Réttur til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð; réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi, réttur til að njóta frelsis frá geðþóttahandtökum eða farbanni.

- 6. grein Allir skulu njóta verndar með lögum
- 7. grein Allir skulu vera jafnir fyrir lögum
- 8. grein Lagaleg úrræði þegar mannréttindi eru brotin
- 9. grein Bann við ólögsmætu farbanni, fangelsun eða brottvísun
- 10. grein Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi
- 11. grein Saklaus uns sekt er sönnuð
- 14. grein Réttur til að fara til annars lands og leita verndar



FÉLAGSLEG RÉTTINDI

Réttur til menntunar, til að stofna fjölskyldu og annast hana, til tómstundar, réttur á heilsugæslu.

- 12. grein Réttur til einkalífs, heimilis og fjölskyldulífs
- 13. grein Frelsi til að búa og ferðast hindrunarlaust innan landamæra ríkja
- 16. grein Réttur til að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu
- 24. grein Réttur til að njóta hvíldar og afþreyingar
- 26. grein Réttur til menntunar, þar með talinn réttur til gjaldfrjálsrar grunnmenntunar



EFNAHAGSLEG RÉTTINDI

Eignarréttur, réttur til að vinna, til húsnæðis, til lífeyris, til fullnægjandi lífskjara.

- 15. grein Réttur til ríkisfangs
- 17. grein Réttur til að eiga eignir
- 22. grein Réttur á félagslegu öryggi
- 23. grein Réttur til að vinna fyrir sanngjörnum launum og ganga í stéttarfélag
- 25. grein Réttur til lífskjara sem tryggja heilsu og velferð



STJÓRNMÁLEGG RÉTTINDI

Réttur til að taka þátt í stjórn lands síns, greiða atkvæði, koma saman með friðsömum hætti, frelsi til tjáningar, lífsskoðunar og trúarskoðunar.

- 18. grein Réttur til lífsskoðunar (þar með talin trúarskoðun)
- 19. grein Tjáningarfrelsi og réttur til að miðla upplýsingum
- 20. grein Frelsi til að ganga í félagasamtök og halda fundi með friðsömum hætti
- 21. grein Réttur til að taka þátt í stjórn lands síns



MENNINGARLEG RÉTTINDI, RÉTTINDI TIL SAMSTÖÐU

Réttur til þess að taka þátt í menningarlífi samfélagsins.

- 27. grein Réttur til þess að taka frjálsan þátt í menningarlífi samfélagsins
- 28. grein Réttur til alþjóðaskipulags þar sem öll ofangreind réttindi eru framkvæmd
- 29. grein Skylda til að virða réttindi annarra
- 30. grein Ekki má svipta neinum þessara réttinda!

VERKEFNI

VALD OG ÁBYRGÐ

LYKILHUGTÖK

- Löggæsla
- Refsileyti
- Varðhald af geðþótta
- Skaðabætur
- Pyndingar

UM ÞETTA VERKEFNI

Þátttakendur læra um varðhald af geðþótta, pyndingar og aðra illa meðferð sem viðgengst í Mexíkó.

Þátttakendur læra hvaða heimildir lögregla hefur við störf sín samkvæmt alþjóðlegum mannréttindalögum. Þá munu þeir kanna hvað sé hægt að gera vegna spilltra lögreglumanna sem misnota vald sitt.

MARKMIÐ

- Þátttakendur öðlist skilning á hlutverki lögreglunnar hvað varðar vernd mannréttinda.
- Þátttakendur munu greina dæmi um pyndingar, aðferðir og aðra illa meðferð og hvernig slík meðferð tengist ákveðnum mannréttindum.
- Þátttakendur geti útskýrt markmið Þitt nafn bjargar lífi-herferðar Amnesty International og gripið til aðgerða til stuðnings José Adrián.

UNDIRBÚNINGUR

- Einfölduð útgáfa af Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna (sjá bls. 5)

LENGD:

45 MÍNÚTUR

ALDUR: 12+

INNGANGUR:

HLUTVERK LÖGREGLUNNAR

1. Biðjið hópinn að íhuga það hlutverk sem lögreglan ætti að gegna í samfélaginu.

- Hvers vegna erum við með lögreglu og hvað á hún að gera?

2. Fáid nokkra þátttakendur til að deila svörum sínum. Ef enginn nefnir eftirfarandi atriði skal minna á að í flestum ríkjum séu veigamestu verkefni lögreglunnar þessi:

- Gæta þess að fólk fari að lögum (að framfylgja lögum)
- Vernda fólk og eignir og halda uppi almennri reglu
- Rannsaka glæpi og handtaka grunaða

Ef tími gefst til skal vísa í hluta upplýsinganna sem finna má í hlutanum Valdbeiting og mannréttindi á bls. 9.

🕒 10 MÍNÚTUR

MÁ ÉG KYNNA ... JOSÉ ADRIÁN

🕒 15 MÍNÚTUR

3. Lesið stutta kaflann hér til hliðar upphátt. Segið þátttakendum að um raunverulegan atburð sé að ræða:

4. Biðjið þátttakendur að tjá viðbrögð sín.

- Hvað haldið þið að hafi gerst?
- Hvað ætti lögreglan að gera til að tryggja að glæpurinn gegn José Adrián verði rannsakaður almennilega og þeir sem bera ábyrgð dregnir fyrir fyrir dóm?

José Adrián, 14 ára gamall Maya-frumbyggj með heyrnarskerðingu, var á leið heim úr skóla einn daginn. Götuslagsmál höfðu brotist út fyrr um daginn þar sem nokkrir unglingar köstuðu steinum og skemmdu bíl. Þegar José gekk framhjá þeim stað þar sem átökin áttu sér stað elti maður hann, færði hann að skemmda bílnum, hrinti José utan í hann og barði hann. José Adrián var síðan hent inn í bílinn þar sem traðkað var á höfði hans og hálsi svo hann hlaut áverka. Hann var síðan færður á stað þar sem hann var hengdur upp á vegg og barinn meira.

5. Segðu þátttakendum frá raunverulegum málsvikum: það var lögreglan sem hrinti José Adrián utan í bílinn, barði hann og trapaði á höfði hans. Þeir fóru með hann á lögreglustöð þar sem þeir héldu honum án skýringa og pynduðu hann. Þeir hengdu hann upp á handleggjum og börðu hann. Lestu upphátt sögu Josés Adriáns sem finna má á bls. 11 og biðjið síðan þátttakendur að ræða eftirfarandi:

- Hvað hefði lögreglan átt að gera og hvað ekki? Hægt er að útbúa lista með þátttakendum.
- Af hverju heldurðu að lögreglan hafi handtekið José Adrián?
- Hvað gæti hjálpað José Adrián til að vinna úr þessari lífsreynslu og horfa fram á veginn?

INNGANGUR AÐ MANNRÉTTINDUM

🕒 20 MÍNÚTUR

6. Notið upplýsingarnar á bls. 2 til að kynna Amnesty International í stuttu máli og útskýra herferðina Þitt nafn bjargar lífi. Segið þátttakendum að José Adrián sé einn þeirra ungu einstaklinga sem sjónum er beint að í herferðinni í ár.

7. Ef þátttakendur þekkja ekki Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna skal nota upplýsingar á bls. 4 og 5. Síðan er listinn um mannréttindi vinstra megin á töflunni á bls. 10 lesinn upphátt og þátttakendur beðnir að tilgreina hver réttindanna eigi sérstaklega við um mál Josés Adriáns.

- Til dæmis er hægt að biðja þátttakendur að standa upp ef tiltekin réttindi eiga við en sitja áfram ef svo er ekki. Þeir sem standa upp eru beðnir að útskýra stuttlega hvers vegna þeir halda að tiltekin réttindi eigi við. Ef tími gefst má einnig fá þátttakendur til að vinna saman í pörum og merkja við þau réttindi sem þeir telja eigi við.

8. Ljúkið verkefninu á að segja þátttakendum frá því að Amnesty International hvetji fólk um allan heim til að skrifa tvö bréf til að hjálpa José Adrián og fjölskyldu hans:

- Stuðningsbréf til Josés Adriáns til að hann viti að fólk um heim allan styður hann í baráttunni fyrir réttlæti
- Mótmælalibréf til ríkisstjóra Yucatán-ríkis í Mexíkó

Gefið þátttakendum tíma til að skrifa þessi bréf. Einnig geta bréfaskrif verið tilvalið heimaverkefni.

LEIÐBEININGAR UM BRÉFASKRIF

SKRIFAÐU BRÉF TIL BJARGAR LÍFI

1. Hvetjið þátttakendur til að skrifa José Adrián bréf, sýna honum samstöðu eða senda honum hvetjandi skilaboð. Biðjið þá að íhuga hvað gæti veitt honum styrk, eflt hugrekki hans til að halda áfram baráttunni og gefið honum von um bjarta framtíð.

Segið þátttakendum að José Adrián sé núna 18 ára gamall og hann eigi vonir og drauma um framtíðina líkt og við öll. Hann og fjölskylda hans leita réttlætis sem mun gera honum kleift að ljúka því sem liðið er og horfa til framtíðar.

Amnistía Internacional México

Dr. José María Vertiz 1196
Letran Valle
03650 Ciudad de México
CDMX, Mexico

2. Hvetjið þátttakendur til að skrifa ríkisstjóranum og senda bréfið til:

Lic. Mauricio Vila Dosal

Governor of Yucatán State, Palacio de Gobierno Calle
61 x 60 y 62 , Col. Centro, C.P. 97000
Mérida, Yucatán, México

Þátttakendur geta nýtt tillögu að bréfi sem finna má hér að neðan en einnig er hægt að fara í gegnum neðangreindar leiðbeiningar ef þátttakendur vilja skrifa bréf á persónulegri nótum.

SEGÐU RÍKISSTJÓRANUM EITTHVAÐ SEM GERIR BRÉFIÐ PERSÓNULEGT:

- Segðu aðeins frá sjálfri/um/u þér.
- Segðu honum hvað þér bregður mest við að heyra varðandi mál Josés Adriáns.
- Krefstu þess að ríkisstjórinn gangi úr skugga um að tekið verði strax á máli Josés Adriáns og að stjórnvöld viðurkenni formlega og ráði bót á þeim skaða sem José hefur orðið fyrir með því að tryggja réttláta málsmeðferð, árangursríkar umbætur, þar á meðal fullnægjandi bætur og tryggingu fyrir því að það atvik sem José Adrián upplifði endurtaki sig ekki til að hann og fjölskylda hans geti endurheimt fyrra líf og horft til framtíðar.

TILLAGA AÐ BRÉFI TIL MEXÍKÓSKRA STJÓRNVALDA

Lic. Mauricio Vila Dosal
Governor of Yucatán State
Palacio de Gobierno Calle 61 x 60 y 62
Col. Centro, C.P. 97000
Mérida, Yucatán
México


Dear Governor,

José Adrián was simply walking home from school when he stumbled onto the aftermath of a clash between a group of youths that ended up damaging a police car. The police jumped him and threw him against their car. Aged just 14 at the time, police arrested him with no explanation and never called his parents. They took him to the police station and tortured him there. His hearing disability could have prevented him to communicate well with police during his ordeal

We ask you to make sure Adrián gets full reparations for the human rights violations he suffered and promote justice on his case.

Yours sincerely,





BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR

VALDBEITING OG MANNRÉTTINDI

Lögreglan hefur heimildir til að gera sumt sem almennir borgarar mega ekki, til dæmis beita valdi til að handtaka fólk, setja fólk í varðhald eða bera vopn. Lögreglan fær slíkt umframvald í þeim tilgangi að geta sinnt skyldustörfum sínum; að verja almenning og halda uppi lögum og reglu.

En öllu valdi fylgir ábyrgð: Lögreglan hefur heimild til valdbeitingar en má aðeins nýta þá heimild ef rík ástæða er fyrir hendi og þá aðeins í samræmi við lög og með hliðsjón af mannréttindum.

- Einungis má grípa til valdbeitingar í ýrustu neyð og verður að vera með allra minnsta móti til að ná fram lögmætum markmiðum.
- Valdbeiting verður að vera í samræmi við hættuna (t.d. myndi teljast óeðlilegt að skjóta einhvern fyrir að stela sælgæti).
- Ef valdbeiting lögreglu leiðir til áverka eða dauða verður að fara fram fljótvirk, ítarleg, óháð og hlutlaus rannsókn á atvikinu.
- Lögreglumenn sem misbeita valdi sínu verða að svara fyrir gjörðir sínar í samræmi við lög.
- Móta þarf verklag með skýrum fyrirmælum um hvernig bregðast skal við ýmsum aðstæðum sem geta komið upp við löggæslu, þar á meðal hvenær valdi skal beitt.

GEÐÞÓTTAHANDTÖKUR OG VARÐHALD

Við erum öll fædd frjáls og jöfn. Að handtaka einstakling eða setja hann í varðhald án lagalegs grundvallar eða réttlátrar málsmeðferðar er geðþóttaákvörðun.

Ákveðin réttindi eru fyrir hendi til að vernda fólk sem situr í varðhaldi gegn illri meðferð. Allir einstaklingar eiga rétt á:

- að vera upplýstir þegar í stað um ástæður handtöku eða varðhalds
- lögræðiaðstoð strax við handtöku
- að hafa samband við fjölskyldu vegna stöðu mála
- að vita hvaða yfirvöld standa fyrir handtökunni og að varðhaldið sé skráð án tafar
- að mótmæla lögmæti varðhalds síns fyrir dómstólum


Varðhald af geðþótta er daglegt brauð í Mexíkó og er oft upphafið að alvarlegri og langvarandi mannréttindabrotum eins og t.d. pyndingum og annarri illri meðferð, þvinguðum mannshvörfum og aftökum án dóms og laga.

VERKEFNI: RÉTTINDI SEM EIGA VIÐ

RÉTTINDI	EIGA RÉTTINDIN VIÐ MÁL JOSÉS ADRIÁNS?
Réttur til lífs	Gæti átt við.
Réttur til menntunar	Á við: José Adrián þurfti að flytja af heimili sínu vegna ofsókna. Hann hætti í skóla sem varð til þess að hann er ári á eftir í námi og á erfitt með að ná jafnöldrum sínum.
Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi	Á við: José Adrián hefur verið neitað um réttlæti og gagnleg úrræði. Yfirvöld sinntu ekki formlegum kvörtunum í meira en tvö ár og neituðu að rannsaka málið þar til fyrir stuttu. José Adrián var undir lögaldri þegar hann var handtekinn, hann fékk ekki aðgang að lögfræðingi, foreldrum hans var ekki gert viðvart og hann sætti pyndingum.
Réttur til mannhelgi	Á við: José Adrián og fjölskylda hans upplifðu ofsóknir og óöryggi í nærsamfélagi sínu, bæði af hálfu lögreglu og fjölskyldu lögreglumannanna sem hlut áttu að máli.
Réttur til frelsis	Á við: José Adrián var handtekinn og hann settur í varðhald af geðþótta.
Réttur til tjáningarfrelsis	Gæti átt við.
Réttur til að vinna	Á við: Á einnig við um fjölskyldu Josés Adriáns sem upplifði óöryggi og var ofsótt og varð að lokum að flytja á milli bæja. Foreldrar hans urðu að hætta í sinni vinnu og finna nýtt starf.
Réttur til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð	Á við: Það var enginn grundvöllur fyrir handtöku Josés Adriáns. Ef lögreglan hefði haft einhverjar sannanir gegn honum hefði átt að færa hann fyrir dómstóla, sem aldrei var gert. Þess í stað var foreldrum hans sagt að þeir þyrftu að borga sekt þrátt fyrir skort á sönnunargögnum.
Frelsi frá þrældómi	Á ekki við.
Réttur til heilbrigðis	Á við: Yfirvöld veittu José Adrián ekki þá læknisaðstoð sem hann þurfti á að halda og hefði greint heyrnarskerðingu hans. Hugsanlega var hann viðkvæmari fyrir handtöku vegna skerðingarinnar.
Réttur til einkalífs	Á við: José Adrián og fjölskylda hans hafa þolað erfiðleika í einkalífinu vegna aðgerða lögreglu, þeirra ofsókna sem fylgdu í kjölfarið og þess sem fylgdi því að vera á allra vörum. Þannig hafa þau ekki notið friðhelgi til einkalífs.
Frelsi frá mismunun	Á við: Ungir menn með ákveðinn félagslegan bakgrunn, líkt og José Adrián, eiga frekar á hættu að verða handteknir og settir í varðhald af geðþótta. Skortur á aðgengi að réttlæti og skaðabótum frá yfirvöldum ræðst meðal annars af slíkri mismunun. Þá hefur uppruni Josés Adriáns einnig áhrif en hann er Maya-frumbyggji.

JOSÉ ADRIÁN

MEXÍKÓ



José Adrián var á leið heim úr skólanum þegar lögreglan réðst að honum og hrinti honum upp að hlið lögreglubílsins. Einn lögreglumannanna trampaði á hálsi hans. José Adrián, sem var 14 ára gamall þegar þetta gerðist, bjó í fátæku samfélagi í Mexíkó. José Adrián er heyrnarskertur og gæti það hafa komið í veg fyrir samskipti við lögregluna meðan á þessari hörmung stóð.

José Adrián hafði gengið fram á eftirköst átaka innan hóps unglunga sem endaði á því að laska lögreglubílinn. Lögreglan handtók José án útskýringa og hafði ekki samband við foreldra hans. Meðan á handtökunni stóð fylgdi lögreglan kunnuglegu mynstri sem er algeng sjón í Mexíkó; að taka fyrir þá fátæku og þá sem verða fyrir mismunun, sem í þessu tilfelli var ungur Maya-frumbyggi.

Lögreglumennirnir ýttu José Adrián inn í lögreglubílinn og óku honum á lögreglustöðina þar sem hann var hengdur upp á höndum í handjárnnum. „Þeir skildu mig eftir í örugglega hálf tíma,“ segir hann. „Þeir börðu mig í brjóstakassann og síðan slógu þeir mig utan undir.“

Til að fá son sinn lausan úr haldi þurftu foreldrar Josés Adriáns að borga sekt og fyrir tjónið á lögreglubílnum. Þau höfðu ekki ráð á að borga slíkar upphæðir. Í kjölfarið hætti José Adrián í skólanum.

Eftir að hafa reynt að sækja réttlæti í nokkur ár fékk José Adrián loksins heyrnartæki snemma árið 2019.

José Adrián langar að loka þessum kafla lífs síns og horfa fram á veginn en lögreglumennirnir sem réðust á hann hafa enga refsingu fengið og fjölskyldan bíður enn eftir að yfirvöld ráði bót á því. „Ég vil að réttlætið sigri,“ segir móðir Josés Adriáns. Við erum sammála.

„Ég vil að úrbætur verði gerðar innan lögreglunnar. Ég vil ekki að það sem kom fyrir mig komi fyrir aðra krakka,“ segir José Adrián.

Krefstu réttlætis fyrir José Adrián.



Amnesty International er alþjóðleg hreyfing yfir sjö milljóna einstaklinga sem telja að allt óréttlæti komi þeim við. Við berjumst fyrir heimi þar sem allar manneskjur fá að njóta mannréttinda sinna.

Okkar hugsjón er að hver einstaklingur fái notið þeirra réttinda sem kveður á um í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðastöðlum um mannréttindi.

Við erum frjáls og óháð öllum stjórnvöldum, hvers konar pólitískri hugmyndafræði, fjárhagslegum hagsmunum og hvaða trúarbrögðum sem er. Samtökin eru að mestu fjármögnuð í gegnum félagsaðild og með framlögum frá almenningi.

AMNESTY INTERNATIONAL
ÍSLANDSDEILD AMNESTY INTERNATIONAL
WWW.AMNESTY.IS

Netfang: amnesty@amnesty.is
Sími: 511 7900

Þingholtsstræti 27
101 Reykjavík
Ísland

Kennsluefni þetta er unnið af mannréttindafræðsluteymi alþjóðaskrifstofu Amnesty International, þýtt og aðlagð af Íslandsdeild Amnesty International í september 2019. Allar myndir eru eign © Amnesty International nema annað sé tekið fram. Myndir: Forsíða: © úr einkasafni (aðalmynd). © Getty/Smartshots International

